

## Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2003 þriðjudaginn 16. des. kl. 10 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 20. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Félag verslunar og skrifstofufólks á Akureyri sækir um leyfi byggingarnefndar til að innrétta kjallara í húsi nr. 19 í orlofsbyggðinni á Illugastöðum Þingeyjarsveit samkvæmt meðfylgjandi teikningu nr. 01-1201 frá H.S.Á teiknistofu.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að nýjar teikningar berist sem uppfylla kröfur eldvarnsareftilits. Einnig bendir nefndin á að stofa er gluggalaus og telur að veggur milli stofu og forstofu sé óþarfur.

2. Sænes ehf Grenivík sækir um leyfi fyrir að settur verði nýr inngangur á suðvesturstafn efri hæðar að Hafnargötu 1 Grenivík. Meðfylgjandi teikning er frá Opus teikni&verkfræðistofu.

Samþykkt.

3. Erindi frá Hallfríði Svavarsdóttur Sæbergi Svalbarðseyri um samþykki byggingarnefndar fyrir geymsluhúsi á lóð Sæbergs. Meðfylgjandi teikning er frá H.S.Á teiknistofu verk nr. 03-1213.

Byggingarnefnd samþykkir stöðuleyfi til fimm ára.

4. Borist hafa nýjar teikningar frá Benjamín Baldurssyni Ytri-Tjörnum Eyjafjarðarsveit um breytingar á hlöðu og fjósi í legubásafjós, en byggingarnefnd frestaði afgreiðslu á erindinu á fundi 19. ágúst sl. Teikningar eru frá Landstólpa ehf undirritaðar af Lárusi Péturssyni.

Byggingarnefnd gerir ekki athugasemd við þær hugmyndir sem framlagðar teikningar sýna, en gerir kröfu um að löggiltur hönnuður gangi frá og undirriti endanlegar teikningar.

5. Skrugga ehf Hjalteyrarskóla Arnarneshrepp sækir um leyfi fyrir breytingum á Hjalteyrarskóla samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Ágústi Hafsteinssyni teiknistofunni Form. Á neðri hæð verður m.a. aðstaða fyrir sútun á skinum, en á efri hæð vinnustofur og sýningarsalur. Í norðausturenda er íbúð og er hún á báðum hæðum. Byggingarnefnd telur að vegna þeirrar starfsemi sem á að fara fram á neðri hæðinni þurfi að loka henni frá öðrum rýmum í húsinu og að hönnuður sýni fram á að loftræsting þar verði nægjanleg.

Nefndin frestar afgreiðslu á erindinu þar sem ekki liggja fyrir umsagnir frá öllum aðilum sem málið varðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11.00.

Hreiðar Hreiðarsson

Kristján Kjartansson

Jósavín Gunnarsson

Klængur Stefánsson

Bragi Pálsson

Jónas Baldursson